

Fundargerð fræðsluráðs

163. fundur fræðsluráðs miðvikudaginn 1. september kl. 15 haldinn að Reykjum í Hrútafirði.

Fundinn sátu:

Magnús Magnússon formaður, G. Kristín Ólafsdóttir varaformaður, Sigrún Waage aðalmaður, Ingibjörg Auðunsdóttir aðalmaður og Valdimar Gunnlaugsson aðalmaður.

Fundarritari: Esther Hermannsdóttir

1. Karl B. Örvarsson framkvæmdarstjóri kynnti starfsskýrslu Skólabúðanna í Reykjaskóla skólaárið 2014-2015. Starfsemi skólabúðanna gengur vel, nemendum fjölgar milli ára. Sami starfsmannahópur er frá fyrra vetri auk þess sem einn starfsmaður bættist við. Allir ferlar er varða ráðningu starfsfólks hafa verið endurskoðaðir á árinu og hæfniskröfur hertar. Unnið hefur verið að eineltisáætlun, siðareglum og ráðningaferlum í samráði við fagfólk á því sviði og lauk því á árinu.

Forstöðumaður skólabúðanna lýsir yfir þungum áhyggjum af ástandi bygginga og skorti á viðhaldi. Formanni fræðsluráðs falið kanna hjá sveitarstjórn hvaða stefnumörkun er til varðandi viðhaldsframkvæmdir skólabúðanna. Eftir vettvangsskoðun þakkaði fræðsluráð Karli fyrir móttökurnar og komu á fundinn.

2. Sigurður Þór Ágústsson skólastjóri Grunnskóla Húnaþings vestra, Lára Helga Jónsdóttir fulltrúi kennara og Júlíus Guðni Antonsson fulltrúi foreldra mæta á fundinn. Umfjöllun fjölmiðla um skólamál í Húnaþingi vestra rædd. Fræðsluráð kallaði Sigurð Þór á fundinn til að ræða þá gagnrýni sem kom fram á skólann í fjölmiðlum á dögumum. Sigurður Þór gerði grein fyrir málinu af sinni hálfu og óskaði eftir því að skoðun yrði gerð á verkferlum í eineltis- og samskiptamálum innan skólans. Fræðsluráð leggur til við Byggðaráð að slík úttekt verði gerð innan Grunnskóla Húnaþings vestra.

Formaður fræðsluráðs kynnti skólastjóra athugasemdir sem fram hafa komið vegna lotukerfis með tilliti til samræmdra prófa 10. bekkjar. Málin voru rædd vítt og breitt og skólastjóri benti á leiðir sem ræddar hafa verið innan skólans fyrir nemendur í 10. bekk til að ná sér í aukinn

undirbúningstíma fyrir samræmd próf. Sigurði Þór, Láru Helgu og Júlíusi Guðna þökkuð koma á fundinn.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:40

Magnús Magnússon

Esther Hermannsdóttir

G. Kristín Ólafsdóttir

Sigrún Waage

Valdimar Gunnlaugsson

Ingibjörg Auðunsdóttir